

# Draumaplantan

<b>Aldur barna</b>	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
<b>Námssvið</b>	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
<b>Aðstæður</b>	Umhverfi Hvar sem er.	Árstíð Hvaða árstíð sem er en skemmtilegast að vori, sumri eða hausti.		

## Lýsing á verkefni

- Æskilegt er að byrja á því að ræða við börnin um plöntur. Með því er dregin fram þekking barnanna og reynsla af plöntum sem hægt er að tengja við síðar.
- Því næst er rætt um hvernig plöntur þjónusta okkur, þ.e. trélitir eru úr trjám, föt eru mörg úr náttúrulegum efnum (s.s. hör, bómull), allt grænmeti og ávextir eru plöntur, plöntur mynda súrefni sem við öndum að okkur o.s.frv.
- Því næst vinna börnin, öll saman eða í smærri hópum, að því að búa til sína draumaplöntum.
- Að lokum skoðum við allar plönturnar og fáum að heyra börnin segja frá eiginleikum þeirra og hvaða gagn við höfum af hverri og einni.

## Gögn

Margvíslegur efniviður úr náttúrunni á hverjum stað.

